

Nd.

221. Frumvarp til laga

um byggingu sildarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson,
Páll Þorsteinsson, Barði Guðmundsson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa 5—10 þús. mála sildarverksmiðju á Norðausturlandi sunnan Langaness. Skal verksmiðjunni nánar valinn staður að undangenginni rannsókn um, hvar hún er best sett með tilliti til sildveiðisvæðisins.

2. gr.

Til byggingar verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 10 millj. kr. lán. Byrjað skal á byggingarframkvæmdunum á árinu 1947.

3. gr.

Um stofnun og rekstur verksmiðju þeirrar, sem um ræðir í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 1 1. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er gamalt áhugamál Austfirðinga, að byggð verði stór sildarverksmiðja á Norðausturlandi sunnan Langaness. Hvað eftir annað hefur fiskifélagsdeildin eystra, útgerðarmenn og Fjórðungsþing Austfirðingafjórðungs sent Alþingi og ríkisstjórn áskorun um byggingu slíkrar verksmiðju. Í sildarverksmiðjumálunum munu Austfirðingar ætíð hafa aðhyllt það sjónarmið, sem ýmsir fróðir menn í þessum málum hafa haldið fram, að rétt væri að hafa flestar sildarverksmiðjurnar nálægt miðju sildveiðisvæðinu, en jafnframt afkastamiklar verksmiðjur nálægt jöðrunum austast og vestast. Vegna austurveiðisvæðisins hafa því Austfirðingar talið, að þyrfti að byggja verksmiðju austan Langaness.

Nú eru nýjar stoðir runnar undir þessa kröfu. Með stórauðnum sildveiðiflota er orðin knýjandi nauðsyn að byggja stóra verksmiðju sunnan Langaness, svo að hið sildarauðuga veiðisvæði þar nýtist eins og verða má.

Það er vitanlegt, að sunnan Langaness eru árlega miklar sildargöngur, allt suður á Héraðsflóa, og veiðiskilyrði verða að teljast þar mjög góð, meðal annars vegna þess, hvað straumar eru þar vægir.

Það má fullyrða, að þau sildveiðiskip, sem stundað hafa aðallega veiði á þessum slóðum, hafa oft aflað ágætlega og þá sérstaklega þau skip, sem hafa losað afla sinn í hina litlu verksmiðju á Seyðisfirði.

Vitanlega eru engar veiðiskýrslur til, sem geta gefið hugmynd um, hvaða veiðimagns mætti vænta af svæðinu sunnan Langaness, því að vegna fjarlægðar frá verksmiðjum og eins sökum þess, hve erfitt er í vissum áttum að sigla hlöðnum skipum norður fyrir Langanes, þá sækja þau eðlilega ógjarnan á þetta veiðisvæði, ef annars er kostur. Á það má benda, að í norðanátt getur verið ágætt að stunda veiði sunnan Langaness og leggja þar upp afla, þótt ógerlegt sé að vera við veiðar norðan nessins eða sigla hlöðnum skipum t. d. norður til Raufarhafnar, svo að ekki sé um það talað, ef þarf að fara alla leið til Siglufjarðar. Þá er augljóst mál, hvað smærri sildveiðihátar geta notast betur við veiði sunnan Langaness, ef þeir geta lagt upp veiði sína í grennd við veiðisvæðið. Sildveiðimenn munu nú almennt vera búnir að gera sér grein fyrir nauðsyn á skjóttum framkvæmdum í þessu máli.

Eins og nú horfir við, virðist horfa til vandræða, ef sildveiðiflotanum er ekki gert auðvelt fyrir að leggja upp veiði sína í verksmiðju sunnan Langaness.

Margir sjómenn fullyrða, að sildveiðarnar s. l. sumar hefðu orðið mun meiri, ef svo hefði ekki verið að farið sem raun varð á, að sildveiðiflotinn hópaðist venjulega saman á litið svæði, þar sem sildar varð vart, og telja þeir, að stundum hafi virzt svo, að sildin hefði þar tæplega getað komið upp á yfirborðið fyrir þeirri miklu umferð, sem þar var, og ef sild kom einhvers staðar upp, þá fengu aðeins þau skip veiði, sem í kapphlaupinu verða fyrst til að koma veiðitækjum sínum í sjóinn. Á sama tíma varð oft vart mikillar sildar austan Langaness, en fá eða engin skip voru þar að veiðum.

Flutningsmenn gera ekki tillögu um það, hvar verksmiðjan á að byggjast. Þess má þó geta, að margir telja, að um Vopnafjörð eða Seyðisfjörð verði helzt að ræða, en endanleg ákvörðun í þessu efni hlýtur að verða tekin af ríkisstjórninni í samráði við verksmiðjustjórn S.R., eftir að rannsókn hefur farið fram um, hvar verksmiðjan er bezt sett með tilliti til veiðisvæðisins og annars þess, sem taka verður til greina í því efni.